



Fréttabréf Árskógar skóla



Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

61. tölublað, 6. árgangur, desember 2017 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Vissir þú að....

Upphaflega voru fót jólasveinsins græn, hvít og blá en um 1930 breytti hann um lit og klæddist rauðu og hvítu!



Upp er runninn desember og árið brátt á enda. Við erum þakklát fyrir allar þær góðu stundir sem við höfum átt í skólanum þetta árið. Faglegt starf, umhyggja, gleði, virðing og samvinna er m.a. það sem við leggjum upp með og getum sagt að við stöndum fyrir. Við erum stolt af skólanum okkar og finnst við heppin að starfa í góðum hópi starfsfólks, nemenda og foreldra. Við þökkum samstarfið og óskum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs 2018!

Kveðja frá skólastjórnendum,
Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Jólafondur 5. desember

Þriðjudaginn 5. desember er jólafondur Árskógar skóla í **SKÓLANUM** sjálfum frá kl. 16:30-19:00.

Efni til fönðurgerðar selt á staðnum auk veitinga sem foreldrafélagið sér um. Athugið að enginn posi er á staðnum.

Allir eru velkomnir og ágóði af sölu fönðurs og veitinga fer í ferða- og skemmtisjóð nemenda.

Sjáumst hress í jólaskapi.



Jóla kort

Sú skemmtilega hefð ríkir í Árskógar skóla að þeir nemendur og kennarar sem vilja, senda hver öðrum jóla kort. Börnin koma með kortin í jóla kortakassa sem staðsett er í skólanum. Síðasti skiladagur á jóla kortum er miðvikudaginn 13. desember.

5. bekkur sér síðan um að flokka kortin og loks afhendir jólasveinninn kortin á litlu jólum skólans.



Litlu jólin

Miðvikudaginn 20. desember eru litlu jólin. Frá klukkan 09:00 til 10:30 ætlum við að hlusta á jólasögu, dansa og syngja kringum jólatré og eiga góða stund saman í félagsheimilinu. Allir nemendur fá pakka, piparkökur og mjólk/vatn. Foreldrar eru hjartanlega velkomnir.

Skólaakstur á litlu jólunum:

Dalvíkurskóli	08:20
Árskógssandur	08:32
Stærri-Árskógur	08:37
Hátún	08:39
Syðri Hagi	08:42
Hauganes	08:50
Heimferð	10:30



Að loknum litlu jólum fara grunnskólanemendur í jólafrí

Jólafrí nemenda

Eftir litlu jólin þann 20. desember eru börn á grunnskólaaldri komin í jólafrí.

Kötlukot er opið 21. og 22. desember.

Árskógarskóli er lokaður milli jóla og nýárs og opnar aftur miðvikudaginn 3. janúar 2018 samkvæmt stundaskrá.

Jólabókadagur

Fimmtudaginn 7. desember mega allir koma með jólabækur að heiman sem við skoðum og lesum saman.



Hagnýtar upplýsingar

Árskógarskóli er opinn alla virka daga frá 8-16.

Aðalnúmer 460-4970, Kötlukot 460-4973,
skólastjóri 460-4971, eldhús 460-4979

Skóladagatal 2017-2018 svo allt sé á hreinu!

Heimasíða skólans: <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>

Við erum á facebook: <https://www.facebook.com/arskogarskoli/>

Netfang: arskogarskoli@dalvikurbyggd.is



GLEÐILEG JÓL OG FARSÆLT KOMANDI ÁR. TAKK FYRIR GOTT SAMSTARF Á ÁRINU 2017.

Viðburðadagatal desember 2017

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
		29. nóvember Skóli skreyttur	30. nóvember	1	2	3
4	5 Jólafondur í skólanum 16:30-19:00 	6	7 Jólabókadagur 	8	9	10
11	12 	13 Skiladagur korta 	14 	15 Jólaferð  	16 	17 
18 BINGÓ kl. 10 	19 	20 Litlu jólin 9-10:30 	21  Rakel Rán 2 ára 	22 	23 Þorláksmessa 	24 Aðfangadagur 
25 Jóladagur Lokað	26 Annar í jólum Lokað	27 Lokað	28 Lokað	29 Lokað	30 Bassi Bói 1 árs 	31 Gamlársdagur Takk fyrir árið 2017